

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Ársskýrsla 2017

Selfossi í mars 2018

Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurlands 2017



1. Nemendur

Innritun

Tekið var við öllum nemendum sem sóttu um nám við skólann sem lokið höfðu grunnskóla og/eða námi úr öðrum skólum vorið 2017. Nokkuð er um að nemendur sæki of seint um nám og því er ekki alltaf pláss á þeirri braut sem þau óska eftir (verknám, hestabraut). Einnig uppfylla nemendur ekki allir skilyrði sem gilda á námsbrautina. Reynt er að verða við óskum nemandans næstu önn eða árið eftir. Haustið 2017 var meiri aðsókn í verknám en áður og teljum við að nýtt verknámshús eigi það þátt. Það var vígt 14. mars 2017.

Fjöldi tölur voru teknar úr Innu eftir þrjár vikur frá upphafi beggja anna.

Aldursdreifing nýinnritaðra nemenda er mikil en flestir nemendur eru á fjögura ára tímabili, fæddir á árunum frá '00 - '97.

Aldur	Fjöldi v'17	Fjöldi h'17
Yngri en 16 ára	4	55
16 ára	177	196
17 ára og eldri	521	520
Samtals	702	771

Í ársskýrslu skólársins 2016 – 2017 eru ýmsar tölulegar upplýsingar sem gefa glögga mynd af nemendahópnum og afrakstri hans í skólanum. Ársskýrsla fyrir haustönn 2017 verður gefin út í júní 2018. Þær slóðir sem fylgja hér eftir eru því frá vorönn 2017 í skýrslunni.

<https://www.fsu.is/is/um-skolann/rekstur-og-skipulag/skyrslur/skolaar-2016-2017>

Skipting nemenda í dagskóla eftir kyni :

Vorönn 2017 Haustönn 2017

kk	366	kk	401
kvk	336	kvk	370
Heild:	702	Heild:	771



Nemendagarðar:

Engir nemendagarðar voru reknir við FSu árið 2017. Hins vegar var leigð íbúð fyrir tvo nemendur sem hefði getað hýst fleiri á vorönninni. Mikill halli varð á leigunni og var því afráðið að hætta að útvega nemendum húsnæði á Selfossi með milligöngu skólans. Í staðinn geta íbúar í Árborg haft samband við skólann með að markmiði að tengja við nemendur í brýnni þörf á húsnæði. Skólinn vísar nemendum á eigandann og hefur ekki frekari afskipti af viðskiptunum. Þessi möguleiki hefur verið nýttur í einstaka tilfellum.

Það er mikil krafa frá upptökusvæði skólans í Austur Rang- og Skaftafellssýslum sem telja mikilvægt að hægt sé að hafa heimavist fyrir nemendur þaðan en við því hefur ekki orðið, enda þörf ekki mikil og ótrygg.

Það skal tekið fram að það eru mjög margir nemendur skólans af öðrum landsvæðum en af Suðurlandi sem virðast geta útvegað sér húsnæði án afskipta skólans.

Brottfall:

Brottfallið lækkaði á árinu 2017 m.v. undanfarin ár. Mikilvægt er að leita allra leiða til að sporna gegn því. Á vorönn var brottfall nemenda sem hættu í skólanum 3,57% (25 nemendur) og á haustönn var það 3,79 %, (29 nemendur) eða 3,68 % á ársgrunni. Miðað er við brottfall á önn þ.e. hættir (H) og mæta ekki til lokaprófs á önn (F).

Fylgst var með orsökum brottfalls nemenda og samantekt brottfalls/hvarfs í öllum framhaldsskólum og gefur MMS út skýrslu eftir hverja önn. Megin ástæður nemenda skólans eru andleg veikindi, atvinna valin fram yfir skólann og áhugaleysi á námi.

Frá hausti 2014 hafa náms- og starfsráðgjafar skólans skimað fyrir áhættuþáttum brottfalls nýnema. Skimunarprófið er hannað af Kristjönu Stellu Blöndal. Unnið er með þá nemendur sem skora hátt á skalanum sem gefinn er.

Áfram var haldið að bjóða uppá Grunnmenntabré og er hún hönnuð fyrir nemendur sem ekki höfðu náð lágmarksviðmiðum grunnskóla. Á brautinni er stóruaukinn stuðningur við nemendur með heimanámsaðstoð, samskipti við aðstandendur nemenda, eftirfylgni með mætingu og líðan. Á vorönn 2017 voru 27 nemendur á brautinni enda tveir kennarar með umsón með henni en á haustönn var einn kennari með 13 nemendur. Námsárangur varð 76% árangur á vorönn (staðnar einingar) og 88% á haustönn. Þetta er allþokkalegur árangur miðað við þungan nemendahóp. Allir náðu einhverjum áfanga.

Mikil ánægja er meðal aðstandenda nemenda með brautina og þetta fyrirkomulag skv. skoðanakönnun. Það er ljóst að þessi braut er komin til að vera því sá nemendahópur sem stundar nám á brautinni þarf mikinn stuðning og aðhald. Námsbrautina má skoða á þessari slóð <https://www.fsu.is/is/moya/page/grunnmenntabru>

2. Nám

Námsframboð skólans er fjölbreytt. Innleiðing nýrrar námskrár er að mestu gengin í gegn en enn er verið að slípa til námsbrautir. Námsbrautir hafa ekki allar fengið fullnaðarsamþykkt frá Mrn en gerðar hafa verið breytingar skv. athugasemdum Menntamálastofnunar á þeim sem þegar hafa verið sendar inn. Unnið var í öllum brautum á haustönn '17. Beðið er eftir samþykki starfs- og verknámsbrauta sem þegar hafa verið sendar inn úr öðrum skólum og mun FSu kenna sambærilegar brautir og eru í samþykktarferlum.

Kynjaskipting er mjög skýr í verknáminu og hafa fáar stúlkur sótt um nám á iðnbrautum skólans nema í háriðnum þar eru eingöngu stúlkur við nám. Við vonumst þó til að með nýju verknámshúsi fjölgi stúlkum þar sem húsnæðið er nýtt og bjart. Mikil kynningarherferð var gangi á



vorönn '17 varðandi stelpur í iðn- og verknámi á landsvísu og gefur það vonir um að kynjahlutfall réttist.

Á íþróttabraut er kynjajafnvægi allgott. Þá mál nefna að á starfsbraut eru fleiri drengir en stúlkur. Það skal tekið fram að kynjahlutföll kennara við skólann eru jöfn. Kennarar í iðnnámi eru allt karlar nema í háriðnum en þar eru konur eingöngu kennarar.

Námsframboð skólans hefur verið svipað undanfarin ár nema hvað stúdentsbrautirnar hafa tekið breytingum með nýrri námskrá, nú eru nokkrar línur sem hægt er að velja auk opnu línunnar sem virðist lokka flesta nemendur. Hugsanleg skýring er að þar geta nemendur tekið kjarnann og hafa svo mikið val um restina. Þau eru þó háð hlutföllum á þrepum. Þá ber á að eftirsókn eftir raungreinanámi hefur dregist saman.

Hér er að finna allt nám sem boðið er uppá í skólanum: <https://www.fsu.is/is/namid/nam-i-fsu/namsbrautir-ny-namskra>

Eins og sjá má í ársskýrslu skólans sem svið- og kennslustjórar taka saman eru ýmsar upplýsingar sem vert er að kynna sér varðandi frammistöðu í námi. Þó er galli á að í skýrslunni er fjallað um skólaárið en ekki unnið með almanaksárið eins og hér er gert.

Því liggja upplýsingar um haustönn 2017 ekki fyrir hvað þá þætti varðar fyrir en í júní 2018.

Á vorönn hættu fimm nemendur frá því við upphaf annar og þar til tölur á brautum voru teknar. Það skýrir mismuninn á fjöldatölunum.

Vorönn 2017

Braut	Heiti brautar	Fjöldi
GR.SKÓLI	10. bekkingar	4
GB	Grunnnám bíliðna	8
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	11
GFM	Grunnnám ferða- og matvælagreina	9
GR	Grunnnám rafiðna	16
GRB	Grunnmenntabré	29
HE	Hestamennska	9
HÚ8	Húsasmíðabraut	25
ÍÞ	Íþróttabraut	9
LN1	Listnámsbraut, fyrri hluti	11
MG	Málmiðnaðarbraut, grunnnám	25
ÓTN	Ótilgreint nám	22
SB	Starfsbraut	49
SJ	Sjúkraliðabraut	12
ST-1	Stúdentsbraut - opin lína	246
ST1-A	Stúdentsbraut-Alþjóðalína	18
ST1-F	Stúdentsbraut-Félagsgreinalína	55
ST1-Í	Stúdentsbraut-Íþróttalína	22
ST1-N	Stúdentsbraut-Náttúrufræðilína	47
ST1-VH	Stúdentsbraut-Viðskipta- og hagfræðilína	25
ST2	Stúdentsbraut-starfsnám	23
ST2-L	Stúdentsbraut-Listalína	22
	Samtals	697



Hautönn 2017

Braut	Heiti brautar	Fjöldi
10b	10. bekkingar	1
GRB	Grunnmenntabré	21
GB	Grunnnám bíliðna	17
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	13
GFM	Grunnnám ferða- og matvælagreina	3
GR	Grunnnám rafiðna	23
GHÁ	Grunnnám háriðna	8
HE	Hestamennska	10
HÚ8	Húsasmiðabraut	11
ÍÞ	Íþróttabraut fyrri hluti	6
LNB	Listnámsbraut	19
MG	Málmiðnaðarbraut, grunnnám	28
ÓTN	Ótilgreint nám	5
SJ	Sjúkráliðabraut	21
SB	Starfsbraut	50
ST-1	Stúdentsbraut - opin lína	277
ST1-A	Stúdentsbraut-Alþjóðalína	22
ST1-F	Stúdentsbraut-Félagsgreinalína	51
ST2-H	Stúdentsbraut-Hestalína	20
ST1-Í	Stúdentsbraut-Íþróttalína	47
ST2-L	Stúdentsbraut-Listalína	25
ST1-N	Stúdentsbraut-Náttúrufræðilína	58
ST2	Stúdentsbraut-starfsnám	5
ST1-VH	Stúdentsbraut-Viðskipta- og hagfræðilína	21
VSS-2	Viðbótarnám til stúdentsprófs	1
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	9
VV	Vélvirkjun	11
	Samtals	775

Nokkrir nemendur eru skráðir á tvær brautir sem skýrir mismunandi fjölda nemenda m.v. upphaf annar en brautartölurnar eru teknar um miðja önn.



Kennsluhúsnæði skólans

Skólinn er rekinn í þremur húsum, Odda - bóknám, Iðu – íþróttahúsi og Hamri – verknám. Þessi þrjú hús eru um 11.542 fm.

Vöntun er á skrifstofum og öðrum rýmum innanhúss sem þarf að koma í breytingaferli og vonast er eftir að þær verði lagfærðar á næsta sumri. Almenn málningarvinna er alltaf allnokkur enda mikið álag víða í húsunum.

Iða íþróttahúsið sem byggt var árið 2004 hefur verið vel viðhaldið og var gólfið í íþróttasalnum endurnýjað að hluta sumarið 2015 en annars hefur lítið þurft að gera annað en að mála vegg. Framundan er breyting á, því frá hausti 2018 verður handknattleiksdeild Umf. Selfoss með Iðu til afnota eftir að kennslu lýkur með tilheyrandi álagi á húsið með mikilli notkun og notkun harpix sem ekki hefur verið leyft fram til þessa.

Verklegur hluti hestabrautar er rekinn og kenndur í Votmúla – reiðskemmu, 3. km. sunnan við Selfoss. Nemendum er ekið þangað í verklega tíma á hestabraut. Þriðja árið á hestabraut er kennt í reiðhöll Sleipnis á Selfossi gegn mjög vægu verði og mikilli velvild hestamannafélagsins.

Kennsla í fangelsum

FSu er kjarnaskóli kennslu í fangelsum landsins. Einkum fer kennsla fram á Litla Hrauni og Sogni. Með tilkomu Hólmsheiði hefur einnig farið af stað ráðgjöf sérkennara og námsráðgjöf á vegum FSu. Einhverjir nemendur eru í fjarnámi þaðan. Þá sér skólinn um náms- og starfsráðgjöf fyrir öll fangelsi landsins. Hlé var gert á námsráðgjöf frá VMA um 10%, árið 2017 þar sem fáir fangar voru vistaðir á Akureyri. Samningur var gerður áfram við FSN um 15% stöðugildi námsráðgjafa til að sinna föngum á Kvíabryggju á árinu.

Rekstur í fangelsum

Heildarframlag. v/ fangelsa árið 2017, 45.787.000.-

Heildarrekstrarkostnaður árið 2017, 37.829.828.- (laun, námsráðgjöf, akstur).

Afgangur samtals: 7.957.172 .-

Niðurstöður rekstrar eru ánægjulegar og gefa okkur tilefni til að efla kennslu í fangelsum ennfrekar en á undanförunum árum hefur aukin krafa verið til kennslu í verknámi.

Á vorönn 2018 var farið af stað með myndlist og kennslu í áfanga í grunndeild rafiðna sem óskað hefur verið eftir um hríð. Mikil aðsókn og ánægja er í þessa áfanga.

Þá var einnig bætt inn sérkennara seint á haustönn 2017 og hefur hann gefið mjög góða raun. Hann metur getustöðu fanga fer yfir greiningar þeirra og setur þá í lestrarpróf. Hann situr í fagteymi starfsmanna á Litla Hrauni og fer yfir stöðu mála. Reynslan af sérkennaranum er mjög góð.

Nemendahópurinn í fangelsum er með ólíkan og í mörgum tilfellum, brotinn bakgrunn. Töluverður hópur er af erlendu þjóðerni sem vill engöngu læra tungumál. Það er breytilegt á milli anna hvað margir erlendir fangar stunda nám. Kennarar keyra frá FSu í fangelsin á Suðurlandi og kenna oft mörg námsefni í sama kennslutíma.

Slóð á skýrslu kennslustjóra í fangelsum fyrir skólaárið 2016 – 2017 er hér



<https://www.fsu.is/static/files/pdf/svidstjorar/v17/skyrsla-um-skolastarf-i-fangelsum-16-17.pdf>. Nemendum í fangelsum gefst kostur á að innrita sig hvenær sem er á önn þannig að þeir geta hafið námið þegar hentar og/eða þegar þeir hefja afplánun. Enginn nemandi var brautskráður á framhaldsskólastigi frá fangelsum árið 2017. Með breytingu á lögum um afplánun hefur fangahópurinn breyst og virðist hópurinn standa hallari fæti. Þó eru alltaf nokkrir fangar sem standa sig vel ef þeir ná að sinna náminu.

Þróunarstarf

Á árinu var námskrá skólans þróuð áfram og einhverjar breytingar gerðar á námsframboði. Farið var af stað með fulla kennslu í vélvirkjun á haustönn '17 sem er framhald af grunndeild málmíðna. Þá hófst einnig kennsla á háriðnbraut. Stefnt er á að kenna þrjár fyrstu annirnar en eftir þann tíma eiga nemendur að geta komist á nemasamning hvað þekkingu varðar.

Öflugur hópur kennara hefur unnið að innleiðingu leiðsagnarmats í sínum áföngum og stutt hvert annað við það. Vinnan lofar góðu sem og árangur nemenda í þessu námi, hann virðist hafa batnað.

Skólinn tekur þátt í nokkrum þróunarverkefnum í gegnum Erasmus + og hélða þau verkefni áfram á árinu. Ekkert nýtt verkefni var innleitt á árinu.

Margir góðir fyrirlestrar voru haldnir á föstum fundatímum sem hefur leitt til virkrar umræðu og aukins samráðs meðal kennara.

3. Kennsla og stjórnun

Yfir- og millistjórn

Yfirstjórn skólans annast skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri. Kynjahlutfallið er 2 karlar, 1 kona.

Einn fjármálastjóri starfar við skólann, karl. Sviðsstjórar eru þrír, karl og tvær konur í 40% - 50% störfum á móti kennslu.

Kennslustjórar og fagstjórar eru 15 talsins, 7 karlar og 8 konur. Að auki eru fjórir verkefnisstjórar sem sinna margvíslegum störfum innan skólans 3 konur, 1 karl.

Náms- og starfsráðgjafar eru fjórar konur (námsráðgjafi í fangelsum meðtalin).

Yfir húsvörður er einn og ræstingastjóri einnig, karl og kona. Þá eru tveir húsverðir í Iðu íþróttahúsi af sitt hvoru kyninu. Starfsmenn í þrifum eru 15, þar af einn karl.

Allar ráðningar millistjórnenda - og verkefnisstjóra gilda í tvö ár og voru auglýstar vorið 2017. Nýjar ráðningar voru haustið 2017.

Þriggja manna sjálfsmatsteymi vinnur að innra mati og er það skipað aðstoðarskólameistara og sviðstjórum, 2 karlar og ein kona.

Í ársskýrslu skólans, sem sviðsstjórar taka saman í lok skólaárs, setja kennslustjórar fram þau atriði sem betur mættu fara.

Stjórnendur vinna úr ábendingum næsta haust á eftir.

Skýrslur fyrir vorönn 2017 er að finna á slóðunum: <https://www.fsu.is/is/um-skolann/rekstur-og-skipulag/skyrslur/skolaar-2016-2017>



Starfsmenn FSu 2017

Stéttarfélag	Önn	Fjöldi starfsmanna	Karlar	Konur	Náms- og starfsráðg.	Sálfr.	Stöðugildi	60 ára +	Meðalaldur
KÍ (FF, FS) + SMÍ	Vor 2017	87	39	48	4 í 3,25 stöðugildum	0	81 starfsm.	21 kennari	52,17 ár
		(veikinda leyfi 1)					82 stöðugildi		
		(fæðingarorl. 1)							
		(launal. leyfi 1)							
		(launað leyfi 1)							
Aðrir starfsmenn	Vor 2017	29	5	24					
KÍ (FF, FS) + SMÍ	H. 2017	88	38	50	4 í 3,25 stöðugildum	0	80 starfsm.	18 kennarar	51,59 ár
		(launað leyfi 2)					84,6 stöðugildi		
		(launal. leyfi 1)							
		(fæðingarolof 4)							
Aðrir starfsmenn	H. '17	28	5	23					

Lítill starfsmannavelta hefur verið í skólanum mörg undanfarin ár. Meðalaldur kennara við skólann var tæp 51,88 ár árið 2017 og heldur hærra en árið 2016. Útlit er fyrir að margir mætir starfsmenn hætti á næstu misserum en nokkrir þeirra hafa starfað við skólann frá upphafi.

19 kennarar við skólann eru yfir 60 ára aldri og því með 20,83% afslátt af kennsluskyldu (290 klst. á ári). Náms- og starfsráðgjafar eru fjórar konur (námsráðgjafi í fangelsum meðtalin).

Stöðugildi náms- og starfsráðgjafa eru 3,25 árið 2017. Þörf fyrir sálfræðiþjónustu er talin mikil, vaxandi kvíði kemur skýrt fram meðal nemenda skv. rannsókn frá R&G sem framkvæmd var í október 2016. Þá er andleg vanlíðan ein ástæða þess að nemendur hætta námi þegar leitað er skýringa á brotthvarfi úr námi.

Menntun kennara

Nær allir kennarar eru með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Kennarar í verklegri kennslu á hestabraut eru ekki með framhaldsskólaréttindi en eru með reiðkennararéttindi frá Hólum.

Einn kennari sem hóf kennslu haustið 2017 er ekki með full kennsluréttindi, hann er í réttindanámi. Undanþága fékkst fyrir hann. Reynt er að verða við óskum kennara um nám með starfi og fer kennurum sem lokið hafa meistaranámi fjölgandi.

48 Réttindapróf æðra náms	22
51 B-gráða háskólastigs	15
53 Viðbótarnám eftir B-gráðu	19
63 Meistaragráða	31
65 Doktorsgráða	1

Samtals 88



Kennsluhættir, námsmat

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar. Kennarar eru með innlagnir, verkefnavinnu, tilraunir, rannsóknir, ritgerðir, athuganir, vettvangsnám, leiðsagnarmat, kannanir og allar þær aðferðir sem tíðkast í kennslu þar sem námsgreinar eru margar, bæði verklegar og bóklegar. Miðað er við að kennsluhættir og námsmat samræmist stefnu skólans, námsskrá hans og fjölbreyttum nemendahópi. Í framhaldi af samvinnu við Árborg um kennsluaðferðir og námsmat hefur hópur kennara (15-20 manns) unnið skipulega að innleiðingu leiðsagnarmats í kennslu.

Námsmat er ólíkt milli námsgreina og umræða um það er sífellt í brennidepli. Námsmat er breytilegt; próf, verkefni, ritgerðir, jafningjamat, vettvangsnám, leiðsagnarmat, sjálfsmat, símat, o.fl.

Þróun undanfarin ár hefur verið í átt til meira símats á kostnað lokaprófa og hefur umfang þess tímabils sem tekið hefur verið undir próf í lok anna verið stytur. Þá hefur þróunin einnig verið í þá átt að nemendur geti unnið sér í haginn með því að standa sig vel yfir önnina gegn því að losna við lokapróf. Þessi aðferð hvetur marga nemendur til að vinna jafnt og þétt alla önnina.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Styrkir til útfærslu kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku eru veittir framhaldsskólum árlega. Útfærslan er að tveir kennarar eru skráðir fyrir kennslu í ÍSA áfanga og er öllum nemendum kennt saman. Það er óhád hvar þeir eru staddir í náminu. Á vorönn '17 voru nemendur 17 talsins, á haustönn '17 voru nemendur alls 25. Á haustönn 2018 stendur til að bjóða upp á kennslu í pólsku sem móðurmál ef næg þátttaka færst en aukning er á nemendum með erlendan uppruna. Stöðupróf í tungumálum eru ekki skipulega í boði lengur en unnið er að leið til að leysa úr þörf nemenda sem dvalið hafa tímabundið erlendis innan skólans sem og á milli framhaldsskóla.

Líðan og forvarnir

Skólinn í okkar höndum (SKOH) er heildarforvarnarstefna FSu. Þetta er regnhlíf yfir allar forvarnir og umsjónakerfi sem rekið er í skólanum. Skólinn er Heilsueflandi framhaldsskóli og fellur það verkefni undir SKOH.

Hver skóli fær hvatningu frá Landlæknisembættinu varðandi heilsueflingu en undanfarin á hefur skólum verið gefnar frjálssar hendur með hvernig þeir sinna verkefninu. Margvíslegar upptökur voru í skólanum og í BRAGA umsjónatímum í tengslum við HEF verkefnið. Í þessum umsjónatímum næst best til nýnema en þeir eru með fastan tíma í töflu vikulega.

Formaður nemendafélags skólans situr í SKOH og hefur tækifæri til að koma með hugmyndir frá nemendum þar inn.

Í Ársskýrslu skólaársins 2016 – 2017 bls. 172 er kafli frá SKOH hópnum fyrir sl. skólaár er á <https://www.fsu.is/static/files/pdf/svidstjorar/v17/arsskyrsla-2017.pdf>

Frekari upplýsingar um SKOH er að finna á slóðinni

<https://www.fsu.is/is/thjonusta/skolinn-i-okkar-hondum>

Samstarf er við sveitarfélagið Árborg um forvarnastefnu sveitarfélagsins, reglulegir fundir eru með forvarnarteymi bæjarins sem forvarnarfulltrúi skólans tekur þátt í. Samstarf við lögregluna í Árborg er gott og gríðarlega mikilvægt. Lögreglan er upplýst um mál sem hana varðar. Þá er lögreglan á vakt og sýnileg þau kvöld sem skóladansleikir eru haldnir. Reglulega er fíkniefna leitarhundur fenginn í skólann í lok dags til að fara yfir nemendasvæðin. Fram til þessa hafa engin merki um fíkniefni fundist.

Í Ársskýrslunni bls. 101 – 120 eru samantekt frá félagslífs – og forvarnarfulltrúa.



Stuðningur við nemendur

Stöðugildi náms- og starfsráðgjafa eru 2,25 við dagskólann. Nemendur geta pantað tíma hjá þeim þegar hentar. Margvísleg þjónusta er þar í boði, sjá tengil á vefsíðu náms- og starfsráðgjafar: <https://www.fsu.is/is/thjonusta/radgjof/nams-og-starfsradgjof>

Árskýrslu náms- og starfsráðgjafa er að finna á https://www.fsu.is/static/files/pdf/svidstjorar/v17/arsskyrsla2016-2017_namsradgjof.pdf

Áfangastjóri, sviðstjórar og frá hausti 2015 BRAGA – kennarar (umsjónakennarar nýnema og nemenda á fyrstu þremur önnum í skólanum) fylgjast með og styðja nemendur við skipulag námsins í skólanum. Áfangastjóri fer yfir námsferla eldri nemenda sem hyggja á brautskráningu, þessir nemendur eru á lokaönnum námsbrauta og tryggir þetta að enga áfanga vanti í námsferilinn.

Skólameistari sendir póst á alla foreldra/aðstandendur nemenda yngri en 18 ára reglulega þar sem skólastarfið er tíundað og hvatt er til stuðnings við nemendur. Áfangastjóri stjórnar Innu, upplýsingavef framhaldsskóla, Innan sendir út mætingayfirlit á tveggja vikna fresti til allra nemenda. Þetta aðhald er trygging þess að mæting nemenda sé bæði rétt skráð og einnig sem aðhald fyrir nemendur ef mætingar/fjarvistir eru komnar á hættustig m.v. skólasóknarreglurnar. Frá haustönn 2015 hafa kennarar hvers áfanga farið yfir mætingar nemenda á fjögurra vikna fresti og aðvarað nemendur um stöðuna ef hún er ekki viðundandi <https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/skolasoknarreglur>

Foreldraráð fundaði sjaldan á árinu og var því ekki sýnilegt árið 2017. Það er nokkuð erfitt að virkja foreldra og eigum við enn alllangt í land með að sannfæra foreldra um mikilvægi þeirra á framhaldsskólastigi. Þeir eru þó duglegri en áður að koma ef eitthvað er sem snýr að þeirra ungmenni. Fulltrúi foreldra hefur þó mætt vel á fundi skólanefndar.

Kennslustjóri sérkennslu tekur nemendur í lestrargreiningar eftir þörfum og er náms- og starfsráðgjöfum til stuðnings með nemendur á starfsbraut, þegar við á. Hún gefur einnig út staðfestingar um greiningar þegar nemandi sækir um undanþágur frá námsgrein.

Þörf er fyrir sálfræðiþjónustu hvort sem hún verður innan skólans eða utan. Eins og er gengur illa fyrir nemendur að fá tíma hjá heilsugæslum og því er þörfin brýn. Vaxandi kvíði kemur skýrt fram meðal nemenda skv. rannsókn frá R&G sem framkvæmd var í október 2016. Vonast er til að hægt verði að bæta úr þessar þörf sem fyrst.



4. Mat á gæðum skólastarfs/sjálfsmat

Skólinn styðst við skoskt sjálfsmatskerfi og hefur það verið aðlagð skólanámskrá og markmiðssetningu FSu. Kerfið heitir „How good is our school” eða „Gæðagreinar”.

Sjálfsmatsskýrslur skólaársins 2016 - 2017 má finna á vef skólans. Þessi tegund sjálfsmats gerir miklar kröfur á virkni kennara og taka þeir þátt í þróun sjálfsmat með verkefnum sem sjálfsmatsteymið leggur fyrir á kennarafundum. Þetta fyrirkomulag gefst vel og þannig er lýðræðið virkjað meðal allra starfsmanna.

<https://www.fsu.is/static/files/pdf/svidstjorar/v17/sjalfsmatsskyrsla-fsu-2016-2017.pdf>

Skólinn keypti þjónustu af Skólapúlslinum árið 2016 en árið 2017 var því hætt þar sem við teljum að sú könnun skarist við okkar sjálfsmat. Niðurstöður kannana skólapúlslins voru mjög sambærilegar okkar áfangamati og var afráðið að hætta viðskiptum við hann . Þá er fyrirlögnin flókin og tímafrekt.

Skólafundur með nemendum er haldinn reglulega 1x á skólaári. Aðsókn og skilningur nemenda á tækifæri sem slíkur fundur hefur er vaxandi.

5. Fjármál, rekstur, aðbúnaður

Rekstur FSu gekk vel árið 2017. Brúttó rekstrar afgangur ársins varð 107.000.000.- (nákvæmni ekki betri þar sem uppgjöri er ekki að fullu lokið). Yfirvinna hefur verið heldur meiri seinni hluta ársins m.a. vegna meiri aðsóknar í verknámið og þar eru kennarar með mikla yfirvinnu. Þegar mikið er að gera í samfélaginu er oft erfitt að fá fólk í verkgreinakennslu en haustið 2017 voru þó þrír mjög hæfir verkgreinakennarar ráðnir (tveir þeirra ekki í fullri kennslu) tveir með full réttindi og sá þriðju í réttindanáminu.

Heimavistar rekstri var að fullu hætt haustið 2017 og hefur það haft jákvæð áhrif á reksturinn.

Rekstrarafkoma 2017

Fjárveiting skv. fjárlögum	1.220.511.593.-
Niðurstaða rekstrar	107.045.444.-
Greiðslustaða við ríkissjóð um áramót var:	<u>137.137.393.-</u>

Með tilkomu nýja verknámshússins, Hamars, hefur endurnýjun búnaðar tekið miklum umskiptum. Nýr búnaður í helstu deildum starfsnámsins var kominn á tíma hægt er að segja að megnið af þörfinni í kennslunni sé uppfyllt að sinni.

Sértektjur hafa dregist sama sem ræðst af fækkun nemenda og minnkandi notkun á strætó, en skólinn hefur haft milligöngu um kaupa á strætókortum.



6. Samstarf

Samstarf við grunnskóla felst í því að nemendum í efstu bekkjum grunnskólanna gefst kostur á að stunda nám í áföngum á framhaldsskólastigi í heimabyggð. Aðallega er um tvo fyrstu áfanga í kjarnagreinum að ræða, en í undantekningartilfellum hefur einnig verið boðið upp á þýsku og spænsku. Áfangarnir eru fullgildir framhaldsskólaáfangar og koma fram í námsferli nemenda í Innu þegar þeir innritast í framhaldsskóla. Nemendur sem taka framhaldsskóla áfanga úr grunnskóla fá aðgang að kennslukerfi FSu (Moodle) og eru fullgildir nemendur kennara án þess að mæta í tíma. Þeir fylgja kennsluáætlunum og taka og skila verkefnum og prófum eins og dagskólanemendur. Kostnaður fyrir hvern nemanda er 6.000 kr. Kennarar skólans sjá um kennsluna. Prófin eru lögð fyrir í grunnskólunum, en úrlausnir eru síðan sendar til baka til FSu þar sem kennarar áfanga annast yfirferð þeirra.

Nemendur í grunnskólum á Suðurlandi	Vor 2017	haust 2017
Fjöldi nemenda í fjarnámi í upphafi annar	34	23
Fjöldi einstakra áfanga í fjarnámi	3	3
Fjöldi áfanga skráðir á nemendur í upphafi annar	44	29
Fjöldi eininga skráðar á nemendur í upphafi annar	220	145
Fjöldi eininga skráðar á nemendur í lok annar	215	140
Fjöldi staðinna eininga	205	130

Eins og sjá má af þessari töflu var frammistaða grunnskólanemenda góð, einungis fall í tveimur áföngum á hvorri önn. Nemendurnir koma úr grunnskólum á Suðurlandi.

Annar möguleiki grunnskólanemenda er að FSu býður nemendum að hefja nám í FSu eftir níu og hálfu ári í grunnskóla, eða um áramót í 10. bekk ef skólastjóri grunnskóla nemandans staðfestir að hann hafi lokið grunnskólanáminu. Foreldri/forráðamaður kemur í viðtal með barni sínu þar sem farið er yfir ferlið sem framundan er. Á vorönn 2017 hófu engir nemendur úr 10. bekk grunnskóla nám í FSu.

Haustið 2017 var kynning á raf- og háriðn einu sinni í viku í 14 skipti fyrir nemendur í 9. og 10. bekkjum grunnskóla Árborgar og heldur sú kynning áfram með nýjum nemendum á vorönn 2018. Mikil ánægja var og er með þessar kynningar.

Náms- og starfsráðgjafar heimsækja alla grunnskóla Suðurlands á vorönn ásamt fulltrúum nemenda á dagtíma grunnskólanemenda. Þar er farið yfir allt nám og félagslíf skólans.

Nemendahópar úr grunnskólunum koma í heimsókn á vorönn og kynna sér skólann. Eru það aðallega náms- og starfráðgjafar ásamt nemendum í stjórn nemendafélagsins sem taka á mótí nemendum.

Nemendur sem innritast á starfsbraut koma í heimsókn í skólann ásamt aðstandendum til að kynna sig og kynnast skólanum þegar innritun stendur yfir í febrúar. Það er sviðstjóri starfsbrautar sem annast heimsóknir þeirra.



Opið hús fyrir foreldra og ungmenni þeirra var í byrjun mars og allnokkrir gestir komu í hús. Það er mikið af nýbúum í Árborg sem kynntu sér skólann. Formið er orðið þannig að náms- og starfsráðgjafar sjá um skipulag með helstu stjórnendum og kennslustjórum sem kynna sínar greinar.

Formlegt samstarf hefur verið í mörg ár við framhaldsskólana FS og FVA varðandi námskrárgerð og aðra snertifleti skólanna. Stjórnendur hittast nokkrum sinnum á önn til samráðs.

Annað hvert ár hittist allt starfsfólk skólanna til skiptis í skólunum á vorönn 2018 var farið í FS.

Erlent samstarf

Alþjóðlegt samstarf er fastur liður í starfsemi FSu eins og fram kom í kaflanum um þróunarstarf. Á árinu 2017 voru samtals 9 Evrópuverkefni við erlenda skóla. Þetta voru ýmist verkefni með eða án nemenda. Í þessum verkefnum eru 3 norræn þar sem nemendur eru mjög virkir. Þessi verkefni eru bæði gefandi og endurnærandi fyrir alla sem að þeim koma og skilja mikið eftir sig. Nokkrar heimsóknir hefur skólinn fengið erlendis frá.

„Job shadowing“ hafa færst í vöxt en þá koma kennarar frá Evrópu og kynna sér störf og kennslu skólans. Nokkrar slíkar heimsóknir voru á árinu og fleiri væntanlega á vorönn 2018.

Nemendaferðir eru vinsælar einkum í tungumálum. Árið 2017 voru farnar ferðir til Berlínar og London. Reynt er að heimsækja skóla í þessum ferðum sem nemendur skipuleggja að mestu með kennurum sínum.

Annað

Með tilkomu nýja Hamars verður hægt að kenna fleiri nemendum í verknámi, húsasmíði, vélvirkjun sem hófst haustið 2017. Haustið 2018 er stefnt á að kenna fullt nám í rafvirkjun. Hárgreiðsla var kennd í fyrsta sinn haustið 2017 og hófu 9 nemendur nám. Kenndar verða þrjár fyrstu annirnar. Þá er unnið að uppsetningu á stafrænni smiðju FabLab, í samstarfi við SASS og Héraðsnefnd Árnesþings. Stefnt er á að hefja kennslu í henni haustið 2018.

Starfsbraut

Starfsbraut skólans er fjölmenn og með hátt flækjustig. Það er ekki í sjónmáli að hún muni minnka á næstu árum með aukningu á margvíslegum greiningum sem nemendur koma með úr grunnskólum. Mikilvægt er að kortleggja fjöldatölur til lengri tíma svo hægt sé að gera betri áætlanir. Ný námskrá starfsbrautar var tekin í notkun á haustönn 2015. Valmöguleikar nemenda eru fjölbreyttir sem styrkir skólann í að bjóða nám við hæfi. Með nýju verknámshúsi eykst valið enn frekar.

Hestabraut

Mikill áhugi er á námi í hestamennsku á framhaldsskólastigi. Mikil sérþekking hefur skapast á þeim 12 árum sem brautin hefur verið starfrækt. Rekstur hestabrautar verður í sama formi og aðrar brautir skólans og fellur vel inn í nýtt reiknilíkan sem vonandi kemst á legg við fjárlagagerð fyrir árið 2019. Kennt er á þremur stöðum, í tveimur reiðhöllum í nágrenni Selfoss, bókleg fög eru kennd í verknámshúsinu Hamri.



Selfossi í mars 2018,

Olga Lísu Garðarsdóttir,
skólameistari, Fjölbrautaskóla Suðurlands